

Ed.

494. Frumvarp til laga

[238. mál]

um skipulag ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk, sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.

Skulu tveir skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðamanna
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa
3. Félag leiðsögumanna
4. Félag sérleyfishafa
5. Ferðafélag Íslands
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð
8. Samband íslenskra sveitarfélaga
9. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en sex sinnum á ári. Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Ferðamálaráði skal skipuð sérstök stjórn, sem í skulu eiga sæti þeir tveir ráðsfulltrúar, sem samgönguráðherra skipar beint, svo og fulltrúar þeir í Ferðamálaráði, sem tilnefndir eru af Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðum hf. og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Formaður og varaformaður Ferðamálaráðs skulu jafnframt vera formaður og varaformaður stjórnar.

Varastjórn skal að öðru leyti skipuð á sama hátt. Ráðherra setur stjórninni starfsreglur og ákveður henni þóknun.

6. gr.

Að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem stjórn ráðsins ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ferðamálastjóri situr fundi og stjórnarfundum Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni Ferðamálaráðs eru:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Aðstoð við einstök ferðamálafélög og starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
7. Samstarf við náttúruverndarráð, og aðra hlutaðeigandi aðila, um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til.
8. Frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
9. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
10. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál, sem haldnar skulu eigi sjaldnar en annað hvort ár.
11. Önnur þau verkefni, sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Friðhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti.

Gjald þetta rennur óskipt til Ferðamálaráðs Íslands, sem ráðstafar því til landkynningarverkefna á sínum vegum.

Ferðamálaráði er heimilt að veita einka- eða opinberum aðilum styrki af þessu fé til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjöl-sóttir eru. Ákvarðanir stjórnar Ferðamálaráðs um ráðstöfun þessa fjár skulu staðfestar af ráðherra.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

III. KAFLI

Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal láta starfrækja ferðaskrifstofu. Nefnist hún Ferðaskrifstofa ríkisins og fer samgönguráðuneytið með yfirstjórn hennar.

10. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast alla þá starfsemi, sem um er fjallað í 14. gr. laga þessara, svo og annað er fellur undir almennan ferðaskrifstofurekstur.

Starfsemi hennar skal einkum beinast að fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland. ,

11. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna.

Við þessa starfrækslu skal þess gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við hótél á viðkomandi stöðum, sem rekin eru allt árið.

12. gr.

Ráðherra ræður forstjóra fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins greiðir fasteignaskatt samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, landsútsvar samkvæmt III. kafla sömu laga, svo og aðstöðugjald samkvæmt V. kafla sömu laga.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
- b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
- c. Útvegum gistihúsnæðis.
- d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a.-d lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar stjórnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a. Fjárræði og forræði á búi sínu.
- b. Búseta á Íslandi.

Ennfremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7.0 millj. kr.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptarréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annast eða falið öðrum að annast þennan flutning, og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu, og hefur kostnaður af slíkum flutningi forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði.
- b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 17. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur.
- c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef einhverra þeirra skilyrða er misst, sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum, eða er forstöðumaður annast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum.

24. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einka- og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.

25. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 40 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

27. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

28. gr.

Umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði skulu sendar stjórn Ferðamálaráðs, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar.

Allar lánveitingar úr sjóðnum skulu staðfestar af ráðherra.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

30. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta visitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengis-tryggingu.

31. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

32. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánskjöllum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánskjöllum.

33. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa

tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega, sem ferðast á þeirra vegum.

Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessa starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálaráðs Íslands, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna, sem þangað koma.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 100 000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1976.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálaráð Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðamálaráðs þess, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969. Jafnframt tekur Ferðamálaráð Íslands við þeim verkefnum frá Ferðaskrifstofu ríkisins, sem ráðinu ber samkvæmt þessum lögum.

Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum kemur í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðaskrifstofur þær, sem fengið hafa leyfi og starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu fyrir árslok 1976 leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 18. gr. og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 18. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Framlag úr ríkissjóði til Ferðamálasjóðs samkvæmt 25. gr. laga þessara verði 25 millj. kr. árið 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem ráðuneytið skipaði 18. ágúst 1975 til að endurskoða gildandi lög um ferðamál nr. 4/1969, og skyldi endurskoðunin byggð á frv. um skipulag ferðamála, sem lagt var fram á Alþingi 1973, en hefur ekki hlotið afgreiðslu þar. Í nefndina voru skipuð Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofu-

stjóri, formaður; Birgir Þorgilsson, sölustjóri; Heimir Hannesson, lögfræðingur; Vigdís Finnbogadóttir, leikhússtjóri; og Þorvarður Elíasson, framkvæmdastjóri.

Frumvarpið er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar, ef frá eru taldar nokkrar minniháttar lagfæringar, sem ráðuneytið hefur gert.

Nefndin lét eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl fylgja tillögum sínum, og hefur greinargerðin verið samræmd fyrirnefndum lagfæringum á frv. sjálfu:

Í fáum greinum hefur orðið eins ör framþróun á undanförunum aldarfjórðungi eða svo og í ferðamálum. Gildir það jafnt um Ísland og önnur lönd. Með þessari öru framþróun fylgir svo sem vænta má, að nauðsynlegt er að endurskoða öðru hverju lög um ferðamál og heildarskipulag þeirra.

Núgildandi lög um ferðamál eru að meginstofni til frá árinu 1964 eða um 12 ára gömul. Ljóst var orðið fyrir nokkrum árum, að æskilegt var að endurskoða þau, og skipaði þáverandi samgönguráðherra snemma árs 1972 nefnd í því skyni. Hún skilaði frumvarpi til laga ásamt greinargerð í árslok 1972 og í febrúar 1973 lagði ríkisstjórnin frumvarp fyrir Alþingi um skipulag ferðamála, en þar voru tillögur nefndarinnar teknar óbreyttar upp. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á þessu þingi og var lagt aftur fyrir á næsta þingi. Hafði það verið afgreitt í e. d. og beið atkvæðagreiðslu eftir 2. umræðu í n.d., þegar þingrofið varð í maí 1974.

Við umræður um frumvarpið á Alþingi og meðal þeirra aðila sem málið snerti mest, komu fram athugasemdir og ábendingar varðandi einstaka þætti þess, sem ástæða hefur þótt til að kanna nánar. Jafnframt hefur þróunin í ferðamálum verið svo hröð á undanförunum árum, að einstök atriði í frumvarpinu þurfa fyrir þær sakir breytinga við.

Skipaði samgönguráðuneytið því með bréfi, dags. 18. ágúst 1975, nýja nefnd til endurskoðunar á gildandi lögum um ferðamál. Skyldi endurskoðunin grundvölluð á frumvarpi því, sem áður er nefnt, en jafnframt mæltist ráðuneytið sérstaklega til þess, að nefndin hefði eftirtalin atriði í huga við endurskoðun sína:

1. Yfirstjórn verði gerð einfaldari og viðaminni en frumvarpið gerir ráð fyrir m. a. með niðurfellingu ákvæða um árlegt ferðamálalöping, en hins vegar ef um ferðamálalöping væri að ræða yrði það á u. þ. h. 4 ára fresti eða eftir hverjar alþingiskosningar og ákvæði sett í frumvarpið um hvernig það skuli uppbyggð. Auk þessa verði yfirstjórn ferðamála þannig að hægt sé að sameina þar hugmyndina um stjórn Ferðamálastofnunar og Ferðamálaráðs. Hlutverk þessarar yfirstjórnar er að sjálfsögðu stefnumótandi í ferðamálum.
2. Öll sölustarfsemi, þ. m. t. rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins og sumarhótela verði eins og nú er sérstök stofnun er heyri, eins og nú er, beint undir samgönguráðuneytið.
3. Reynt verði sérstaklega að finna leiðir til að girða fyrir ólögmetan ferðaskrifstofurekstur einkaaðila.
4. Réttur leiðsögufólks verði tryggður í lögnum að því leyti er ferðaskrifstofur nota leiðsögu í ferðir sínar.

Varðandi lið 1. leggur nefndin til, að starfssvið núverandi Ferðamálaráðs verði fært verulega út frá því sem nú er. m. a. með yfirtöku verkefna frá Ferðaskrifstofu ríkisins. Þessi nýja stofnun, sem í frumvarpinu hefur hlotið nafnið Ferðamálaráð Íslands, er í raun réttri byggð á núverandi Ferðamálaráði með nokkuð nýju verk-sviði, breyttri samsetningu ráðsins og með sérstakri stjórn, sem á að gera ráðið starfhæfara en það er í dag. Auk þeirra verkefna sem þetta nýja Ferðamálaráð tekur við af Ferðaskrifstofu ríkisins er gert ráð fyrir ýmsum nýjum verkefnum, eins og nánar er skýrt í 7. gr. frumvarpsins, en þau leiðir óhjákvæmilega af síbreyttum viðhorfum í ferðamálum.

Ferðaskrifstofa ríkisins verður nú hrein söluskrifstofa á borð við þær skrifstofur einkaaðila, sem starfandi eru á Íslandi í dag. Um tvennt hefur hún þó nokkra

sérstöðu: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi fyrst og fremst að því að auka og auðvelda ferðalög íslendinga og útlendinga um Ísland. Í öðru lagi er Ferðaskrifstofu ríkisins gert að skyldu að halda uppi starfsemi Eddu-hótelanna, eins og hún hefur gert um mörg undanfarandi ár, en án þeirrar starfsemi væri erfitt að halda uppi nauðsynlegri hótelpjónustu við erlenda og innlenda ferðamenn, sem ferðast um landið.

Varðandi 3. lið vill nefndin taka fram, að erfitt er að girða fyrir ólögmetan rekstur einkaaðila á ferðaskrifstofum, með beinum og ítarlegum lagafyrirmælum. Hefur nefndin orðið sammála um að láta nægja í þessu skyni ákvæði 15. gr., en þar segir svo: „Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins“.

Það verður svo að vera á valdi þeirra, sem fylgjast eiga með því að farið sé eftir lögnum, að ákvæðum þessarar greinar sé beitt, eftir því sem við á.

Varðandi rétt leiðsögufólks og að hann verði tryggður í lögnum, að því leyti sem ferðaskrifstofa notar leiðsögu í ferðir sínar, hefur nefndin gert eftirfarandi tillögur:

1. Gert ráð fyrir að Félag leiðsögumanna eigi einn fulltrúa í ferðamálaráði.
2. Gert er ráð fyrir því í 7. gr., að meðal verkefna Ferðamálaráðs sé „skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi“.
3. Loks er ráðherra í 34. gr. gefin heimild til að ákveða, „að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn, sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessara starfa skv. frekari ákvæðum í reglugerð“.

Nefndin gerir ráð fyrir, að við samningu reglugerðarákvæða samkvæmt 2. og 3. lið sé haft samráð við Félag leiðsögumanna.

Nefndin telur, að réttur leiðsögufólks sé með þessum ákvæðum tryggður, eins og unnt er að sinni.

Aðrar helstu breytingar, sem nefndin hefur gert frá núgildandi lögum og frá frv. því, sem nefndin skyldi styðjast við, eru þessar:

1. Það nýmæli er tekið upp, að gert er ráð fyrir því að sérstakt gjald sé lagt á vörusölu Frihafnarinnar í Keflavík. Lagt er til að þetta gjald nemi 10% af árlegu söluverðmæti Frihafnarinnar, og renni óskipt til Ferðamálaráðs Íslands, sem notar það svo aftur til landkynningar. Það skal tekið fram hér, að nefndin gerir ráð fyrir, að gjald það sem Ísl. markaður hf. greiðir nú til Ferðaskrifstofu ríkisins samkv. samningi milli varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og Ísl. markaðar hf., renni, ef frv. þetta verður að lögum, til Ferðamálaráðs Íslands.

2. Skilyrði þau sem forstjóra eða eiganda ferðaskrifstofu eru sett um nám og starfsreynslu, eru felld niður, enda í sjálfu sér auðvelt að sniðganga þau. Hins vegar er gert ráð fyrir, að einn eða fleiri af starfsmönnum hvernar ferðaskrifstofu hafi staðgóða reynslu í ferðamálum, og yrði þá ráðuneytið að úrskurða um það í hvert sinn, hvort þessum skilyrðum væri fullnægt.

3. Tryggingafé ferðaskrifstofu er hækkað í 7 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að við ráðstöfun tryggingarfjár njóti kröfur vegna heimflutnings farþega, sem kunna að vera í ferð á vegum viðkomandi ferðaskrifstofu, forgangs fram yfir aðrar kröfur. Rétt er að taka það fram hér, að nefndin teldi eðlilegra, að ferðaskrifstofurnar hefðu sjálfar sameiginlegan tryggingarsjóð, sem tæki að sér nauðsynlegar tryggingar á skuldbindingum þeirra. Meðan svo er ekki er nauðsynlegt, að opinberir aðilar grípi inn með ákvæðum eins og þeim, sem hér er gerð tillaga um. Ættu ferðaskrifstofurnar sjálfar frumkvæði að annarri skipan, sem fullnægjandi gæti talist að dómi ráðuneytisins, teldi nefndin eðlilegt, að lagafyrirmælum í þessa átt yrði breytt í samræmi við það.

4. Ferðamálasjóður, sem samkvæmt gildandi lögum má aðeins lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði, fær nú samkvæmt frumvarpinu heimild til að veita lán til einka- og opinberra aðila til annarra þátta ferðamála, enda sé stuðlað að þróun íslenskra ferðamála með þeim lánveitingum. Jafnframt er heimild hans til árlegra lánveitinga til einstakra staða nokkuð rýmkuð, og vísitölutrygging á útlánnum sjóðsins gerð að heimildarákvæði, en ekki skyldu eins og nú er.

5. Það nýmæli er í frumvarpinu, að ráðherra er veitt heimild til þess að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggi hópferðir um Ísland skuli kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljóttast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum. Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn, sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessa starfa skv. frekari ákvæðum í reglugerð.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd, eru nánar skýrð í athugasemdum við einstakar greinar frv.

Fskj. með frv. gefa hugmynd um fjölda erlendra ferðamanna til Íslands, tekjur af þeim, svo og starfsemi Ferðamálasjóðs. Ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar um ferðamál koma fram í greinargerð með ferðamálafrv. frá 1973—1974, svo og í fskj. með því frv. Þótti nefndinni ekki ástæða til að endurtaka þær upplýsingar hér og vísast um þær til áðurgreinds frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Rétt hefur þótt að skipa efni frv. í eftirgreinda kafla:

- I. kafli — Tilgangur og yfirstjórn
- II. kafli — Ferðamálaráð Íslands
- III. kafli — Ferðaskrifstofa ríkisins
- IV. kafli — Almennar ferðaskrifstofur
- V. kafli — Ferðamálasjóður
- VI. kafli — Ýmis ákvæði.

Auk þess eru í frv. ákvæði til bráðabirgða.

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Í gr. er almennt lýst tilgangi frumvarpsins og tekið fram, að við þróun og skipulagningu ferðamála skuli bæði hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að eins og áður fari samgönguráðuneytið með yfirstjórn ferðamála.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

Um 3. gr.

Eins og komið hefur fram í hinni almennu greinargerð hér á undan, er í frv. gert ráð fyrir, að Ferðamálaráði því, sem nú situr, verði fengin aukin verkefni og það verði jafnframt endurskipulagt. Hér fær ráðið heitið Ferðamálaráð Íslands í stað einungis Ferðamálaráð, en nefndin telur nauðsynlegt að afmarka stöðu ráðsins í heiti þess, sérstaklega þó gagnvart erlendum aðilum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun aðila í Ferðamálaráð.

Verða fulltrúarnir í Ferðamálaráði samkvæmt þessari grein 11 að tölu, að meðtöldum þeim tveimur fulltrúum, sem ráðherra skipar án tilnefningar. Samsetning ráðsins er hér nokkuð önnur en skv. núgildandi lögum. Til þess að ráðið yrði ekki of fjölmennt hefur nefndin reynt að stefna að því, að þeir aðilar ættu fyrst og fremst fulltrúa í ráðinu, sem hafa beinna hagsmuna að gæta og starfa beint að ferðamálum. Undantekning frá þessu meginsjónarmiði er þó aðild Náttúruverndarráðs og Sambands isl. sveitarfélaga. Nefndin telur nauðsynlegt að hafa náðið samstarf við Náttúruverndarráð um mótun ferðamálastefnu og því eigi fulltrúi frá því að vera í Ferðamálaráði. Aðild Samb. isl. sveitarfélaga er ætlað að veita ferðamálafélögunum, sem yfirleitt starfa meira eða minna leyti á vegum sveitarfélaganna, sinn fulltrúa í Ferðamálaráði.

Í greininni eru ákvæði um, að Ferðamálaráð skuli koma saman til fundar ekki sjaldnar en sex sinnum á ári, en að sjálfsögðu getur það komið saman oftar, ef einstakir fulltrúar óska sérstaklega eftir eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að Ferðamálaráði skuli skipuð sérstök stjórn, sem í eigi sæti þeir tveir ráðsfulltrúar, sem samgönguráðherra skipar beint, svo og fulltrúar þeir í Ferðamálaráði, sem tilnefndir eru af Félagi isl. ferðaskrifstofa, Flugleiðum hf. og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, en þessir þrír aðilar eru fulltrúar stærstu atvinnugreinanna í ráðinu. Gert er ráð fyrir, að formaður og varaformaður Ferðamálaráðs séu formaður og varaformaður stjórnar.

Um 6. gr.

Embætti ferðamálastjóra, sem hér er fjallað um, er að nokkru leyti hliðstætt embætti núverandi framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, en miklu umfangsmeira. Nefndin taldi rétt, að í þetta embætti væri einungis ráðið til fjögurra ára í senn. Hins vegar er að sjálfsögðu hægt að endurráða ferðamálastjóra, þegar og ef svo ber undir. Rétt þykir að taka hér fram, að ferðamálastjóri geti ekki átt sæti í stjórn Ferðamálaráðs, en almennt er talið stjórnunarlega rangt, að forstöðumenn stofnana eigi jafnframt sæti í stjórnnum þeirra. Hins vegar situr ferðamálastjóri stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru verkefni Ferðamálaráðs Íslands skilgreind, en gert er ráð fyrir nánari skilgreiningu í reglugerð, sem sett verði síðar. Segja má, að í aðalatriðum sé verkefnum þeim, sem Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráði eru falin með gildandi lögum, haldið auk nýrra verkefna sem bætast við. Skulu verkefnin skýrð hér nokkru nánar:

1. Gert er ráð fyrir, að Ferðamálaráð Íslands vinni að staðaldri að skipulagningu og áætlanagerð um íslensk ferðamál. Undirstaða þessarar vinnu er að sjálfsögðu söfnun talnalegra upplýsinga og markaðskannanir á miklu viðtækari grundvelli en áður hefur verið. Fyrsta skrefin í skipulagningu þessara mála með langtímasjónarmið í huga hafa þegar verið stigin með gerð sérstakrar ferðamálaáætlunar og ferðamálaáætlunar, sem bandarískt fyrirtæki hefur unnið að fyrir tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna og íslenskra ferðamálayfirvalda.
2. Landkynningarstarfsemi er að sjálfsögðu nátengd þeirri skipulagningu, sem getið er hér á undan. Landkynning getur í sjálfu sér verið margs konar og þjónað margvíslegum tilgangi, en hér er fyrst og fremst átt við landkynningu, sem beinist að því í aðalatriðum að vekja áhuga annarra þjóða á því að heim-

- sækja Ísland, dvelja í landinu og njóta þess, sem þjóðin getur boðið ferðamanninum. Nokkur landkynning hefur á undanförunum árum verið á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins, en miklu minni en æskileg getur talist, enda hefur mjög takmörkuðum fjármunum verið veitt til landkynningar af hálfu ríkissjóðs. Einnig hefur veruleg landkynning átt sér stað á vegum einkaaðila.
3. Með þátttöku í samstarfi við aðrar þjóðir um ferðamál, er fyrst og fremst átt við samstarf Norðurlandþjóðanna á vegum NTTK (Nordisk Turist Trafik Komité), en þetta samstarf felur m. a. í sér rekstur landkynningarskrifstofu í New York, sem Íslendingar taka þátt í. Auk þess hefur verið haldið uppi samstarfi á undanförunum árum af hálfu Ferðamálaráðs við ferðamálayfirvöld OECD, og af hálfu Ferðaskrifstofu ríkisins, m. a. við ETC (European Travel Commission).
 4. Starfsemi ferðamálafélaga getur haft verulega þýðingu í því efni að dreifa ferðum um landið, þannig að sem flestir Íbúar þess hafi menningarlegan og efnahagslegan ávinning af ferðamálum. Eðlilegt er, að Ferðamálaráð aðstoði félögin eftir mætti, veiti þeim leiðbeiningar og hvetji þau.
 5. Nauðsyn ber til, að haldið sé uppi námi og þjálfun fyrir leiðsögumenn. Lagt er til, að sérstök reglugerð um þetta efni verði gefin út. Nefndinni þykir eðlilegt, að í kjölfar náms og þjálfunar fylgi starfsréttindi fyrir leiðsögumenn, sem gætu verið mismunandi viðtæk. Um samningu reglugerðar um þetta efni er rétt að hafa samráð við Félag leiðsögumanna, sem raunar á einnig samkvæmt þessu frv. aðild að Ferðamálaráði Íslands.
 6. Með forgöngu um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn er m. a. átt við stofnsetningu gistimiðstöðvar, hugsanlega einnig miðstöðvar um sölu veiðileyfa í ám og vötnum, svo og ráðstefnumiðstöðvar. Fleiri þættir geta að sjálfsögðu komið hér til.
 7. Nefndin leggur áherslu á, að Ferðamálaráð Íslands hafi sem mest samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila, varðandi verndun umhverfis, náttúru- og menningarverðmæta.
 8. Einnig er ætlast til að Ferðamálaráð Íslands geti haft frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á þeim stöðum, sem ferðafólk sækir.
 9. Erlendis eru víða starfandi sérstakar nefndir, sem fjalla um kvartanir ferðamanna um misbrestir á þjónustu ferðaskrifstofa og skyldra aðila. Að áliti n. er eðlilegasti aðilinn til að fjalla um slíkar kvartanir Ferðamálaráð Íslands, hvort sem stofnunin ákveður að gera það sjálf, eða eiga frumkvæðið að sérstakri nefnd, sem um þessi mál fjalli.
 10. Ferðamálaráðstefnur þær, sem haldnar hafa verið árlega síðan Ferðamálaráð var stofnað árið 1964 hafa að áliti þeirra sem best þekkja gefið góða raun. Hins vegar er e. t. v. full þétt að halda slíkar ráðstefnur árlega, en sjálfsagt þykir, að halda þessari starfsemi áfram eigi sjaldnar en annað hvort ár.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að sérstakt gjald sé lagt á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, sem nemi 10% af árlegu söluverðmæti hennar. Miðað við sölu ársins 1974 myndi þetta gjald nema rúmum 40 millj. kr. Lagt er til, að gjaldið renni óskipt til Ferðamálaráðs Íslands, sem noti það svo aftur til greiðslu á kostnaði sínum við landkynningu. Telur nefndin mikils virði að fá á þennan hátt fast framlag til landkynningar og rökrétt að leggja þennan skatt á sölu Fríhafnarinnar, sem eingöngu fær tekjur sínar af verslun við ferðamenn.

Einnig gerir nefndin ráð fyrir, að heimilt sé að verja einhverju af þessu fé til styrkja til einka- eða opinberra aðila til endurbóta á aðstöðu eða til að koma upp aðstöðu á stöðum, sem eru fjölsóttir af ferðamönnum. Athygli skal vakin á, að hér er um heimild að ræða og ekki ætlast til, að hún sé notuð nema mjög takmarkað.

III. KAFLI Ferðaskrifstofa ríkisins.

Um 9. gr.

Hér er um óbreytt fyrirkomulag að ræða frá því sem nú er.

Um 10. gr.

Eins og getið er í almennu greinargerðinni er í þessu frv. gert ráð fyrir, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé í aðaldráttum rekin sem almenn ferðaskrifstofa. N. þykir þó rétt, að Ferðaskrifstofa ríkisins taki ekki, frekar en nú er, þátt í samkeppninni um sumarleyfisferðir íslendinga til útlanda, heldur skuli starfsemi hennar fyrst og fremst beinast að því að skipuleggja ferðir fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland og greiða fyrir slíkum ferðalögum.

Um 11. gr.

Annað skilyrði í rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins er, að henni er gert að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eins og Ferðaskrifstofan hefur raunar þegar gert í allmörg ár. Þessi rekstur er nauðsynlegur til að geta haldið uppi eðlilegum áföngum í ferðum hópa um landið. Yfirleitt hefur ekki verið um það að ræða að rekstur Eddu-hótelanna hafi verið í beinni samkeppni við hótél, sem rekin eru allt árið. N. þykir sjálfsagt, að Ferðaskrifstofan forðist slíka samkeppni, en láti heilsárshótelið njóta viðskipta eftir því sem unnt er, enda er rekstur slíkra hótela jafnan erfiður hvar á landinu sem er og reksturinn yfir veturinn gjarnan byggður á arðbærum rekstri yfir sumartímann.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Eðlilegt þykir, að Ferðaskrifstofa ríkisins greiði fasteignaskatt, landsútsvar og aðstöðugjald.

IV. KAFLI Almennar ferðaskrifstofur.

Um 14. gr.

Grein þessi er efnislega hliðstæð 1. gr. í gildandi lögum um ferðamál nr. 4/1969.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt frá 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að bætt er í greinina ákvæði um að óheimilt sé að stunda störf þau, sem greind eru í 13. gr., nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins, en það er hvergi beinlínis tekið fram í gildandi lögum, þótt þau hafi ætíð verið túlkuð á þann veg.

Um 16. gr.

Greinin er hliðstæð 3. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Hér hafa þær breytingar verið gerðar frá gildandi lögum, að felld eru niður skilyrði, sem forstöðumaður ferðaskrifstofu þurfi að uppfylla varðandi lágmarksaldur, nám og starfsreynslu við ferðaskrifstofustörf, enda er ljóst, að auðvelt er

að sniðganga þessi ákvæði. N. hefur þótt rétt að setja í staðinn ákvæði um, að einn eða fleiri af starfsmönnum hverrar ferðaskrifstofu skuli á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Um 18. gr.

Tryggingar þær, sem íslenskar ferðaskrifstofur hafa sett samkvæmt gildandi lögum, hafa undantekningalaust verið bankatryggingar. Samkvæmt lögnum nemur tryggingin fyrir hverja ferðaskrifstofu nú 1.5 millj. kr., sem er allt of lág fjárhæð til að veita viðskiptamönnum ferðaskrifstofa nokkra fjárhagslega tryggingu. Er því fjárhæðin hækkuð í 7 millj. kr., sem er í samræmi við hækkun vísitölu frá því núverandi trygging var sett.

Um 19. gr.

Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að kostnaður við heimflutning farþega, geti viðkomandi ferðaskrifstofa vegna fjárhagslegra örðugleika ekki flutt þá heim, nýtur forgangs við greiðslu af tryggingafé. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af reynslu ferðaskrifstofa erlendis. Hins vegar fannst n. ekki gerlegt að tryggja fyrirframgreiðslur farþega inn á ferðir sem forgangskröfur, heldur yrði að gilda um slíkar greiðslur sömu reglur og aðrar skuldir viðkomandi ferðaskrifstofu.

Í almennu greinargerðinni var fjallað nokkuð um, að æskilegt væri, að viðkomandi ferðaskrifstofur sæju sjálfar um tryggingar sem þessar, en eðlilegt er að sérstök trygging sé sett varðandi starfsemi ferðaskrifstofa, enda er það gert víða erlendis, þ. á m. á Norðurlöndunum, þótt í nokkuð mismunandi formi sé.

Um 20. gr.

Hinar almennu ástæður þess, að leyfi til reksturs ferðaskrifstofa falli niður, eru óbreyttar frá gildandi lögum. Fellt er niður ákvæði um, að ráðuneytið geti afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé nemur. Ákvæði eru í gildandi lögum um skilaskyldu ferðaskrifstofa á endurskoðuðum reksturs- og efnahagsreikningi undanfarandi árs til ráðuneytisins.

Þau hefur nefndin fellt niður í þessu frv., enda hefur komið í ljós, að þótt þeim sé fylgt eftir eins og unnt er, getur ekki orðið um fullnægjandi eftirlit að ræða. Lítur n. einnig svo á, að óæskilegt sé, að haft sé meira opinbert eftirlit með þessari starfsemi en annarri verslunarstarfsemi í landinu, enda fyrir hendi sérstök bankatrygging, sbr. 18. gr.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Í greininni er gert ráð fyrir því, að maka leyfishafa, sem situr í óskiptu búi, sé heimilt að halda rekstrinum áfram í eitt ár eftir lát hans. Vilji makinn hins vegar halda rekstrinum lengur áfram, þarf hann að sækja um rekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum þessa kafla og auk þess að sjálfsögðu að fullnægja almennum skilyrðum um tryggingarfé. Eins árs fresturinn er hugsaður til þess að veita maknum eða dánarbúinu frest til búskipta, til sölu á fyrirtækinu eða þess háttar aðgerða, sem eru afleiðingar af fráfalli leyfishafa. Almennt er ekki talin þörf á að hafa þennan frest lengri en eitt ár.

Um 22. gr.

Í 8. gr. gildandi laga er að finna hliðstæð ákvæði og í 1. mgr., en samkvæmt þeim er Ferðaskrifstofa ríkisins undanþegin því að setja tryggingu eða öðlast leyfi

til ferðaskrifstofureksturs, enda hér um að ræða ríkisfyrirtæki og ríkissjóður því ábyrgur fyrir skuldbindingum skrifstofunnar.

Í 2. mgr. gr. er gert ráð fyrir því, að ákveðið verði nánar í reglugerð á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja sé heimilt að skipuleggja og selja farseðla í eigin ferðir með slíkum tækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Ákvæði um þetta efni eru í 8. gr. gildandi laga, en eðlilegra þykir, að þau verði framvegis í reglugerð, svo sem hér er lagt til. Nýmæli er það í gr., að heimila þessi geti náð bæði til eigenda og umráðamanna samgöngutækja. Þykir ekki ástæða til að binda heimildina því, að viðkomandi aðili sé raunverulegur eigandi allra samgöngutækja þeirra, sem notuð eru, heldur nægi að hann sé umráðamaður þeirra og myndi hann þá í flestum tilvikum vera eigandi þeirra að hluta. Þá er það nýmæli í gr., að unnt er í reglugerð að binda heimild þá, sem hér er ræðir, tilteknum skilyrðum varðandi hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og um tryggingarfé. Mál varðandi hreinlæti, einkum í öræfaferðum, sem er algengust þeirra tilvika, sem falla undir þessa gr., verður að taka föstum, tókum og hafa um þau náð samráð við Náttúruverndarráð, Heilbrigðiseftirlit ríkisins og aðra hliðstæða aðila.

Vel virðist koma til greina að setja það skilyrði fyrir slíkum ferðum, ef um er að ræða verulega starfsemi, að tryggingarfé sé þá sett, ekki síður en í almennum ferðaskrifstofurekstri. Myndi slíkt væntanlega verða ákveðið í hverju einstöku tilviki, svo og upphæð tryggingafjárins.

Ákvæði 3. mgr. eru ný að því leyti, að í 8. gr. gildandi laga er talað um „viðurkennd ferðafélög“, en hér er gert ráð fyrir, að ákveðið verði í reglugerð, hvaða ferðafélög skuli undanþegin ákvæðum laganna. Í framkvæmd njóta nú þrjú félög slíkrar viðurkenningar þ. e. Ferðafélag Íslands, Bandalag íslenskra farfugla og Úti-vist.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

Um 23.—24. gr.

Samkvæmt þessum greinum er gert ráð fyrir nokkuð viðtækara starfssviði Ferðamálasjóðs en samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt þeim má sjóðurinn lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði, og er hann því í reynd ekki almennur ferðamálasjóður, heldur hótelsjóður.

Í ljós hefur komið að með þessu móti verða vissir þættir ferðamála út undan við fjármálalega fyrirgreiðslu þar sem Ferðamálasjóður hefur ekki heimild til að lána til þeirra og aðrir aðilar telja sér það ekki skylt. Er því lagt til að sjóðnum verði heimilað að veita lán gegn fullum tryggingum til annarra þátta ferðamála en framkvæmda við gisti- og veitingastaði, enda verði með þessum lánveitingum stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að framlag á fjárlögum til Ferðamálasjóðs verði ekki lægra en 40 millj. kr., en framlagið er í fjárlögum fyrir árið 1976 16 150 þús. kr.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur frá upphafi annast um Ferðamálasjóð á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í greininni.

Um 28. gr.

Samkvæmt 29. gr. gildandi laga um ferðamál skulu umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði sendar Ferðamálaráði sem gerir rökstuddar tillögur til samgönguráðherra um lánveitingar, en hann ræður útlánum, af fé sjóðsins. Fyrirkomulag þetta þótti nokkuð þungt í vöfum og var það því einfaldað með því að fela sérstakri nefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá Ferðamálaráði og einn frá ráðuneytinu, að fjalla um allar umsóknir um lán úr sjóðnum og gera tillögur um lán. Eðlilegt er, að þetta verkefni fari nú yfir til stjórnar Ferðamálasjóðs, en jafnframt er sú breyting gerð, að stjórnin ákveður einstakar lánveitingar, en þær skulu hins vegar hljóta staðfestingu ráðherra.

Um 29. gr.

Í stað $\frac{1}{5}$ hluta kemur hér $\frac{1}{3}$ hluti. Þar sem sjóðurinn hefur yfir litlu lánsfjármagni að ráða á hverju ári, hafa lán hans til stærri framkvæmda oft komið að minni notum en æskilegt væri, þar sem hann hefur orðið að halda sig við ofangreint hlutfall. Rétt þykir, að rýmka þetta skilyrði nokkuð.

Um 30. gr.

Hér er um óbreytt fyrirkomulag að ræða frá því sem verið hefur, nema að því er varðar vísitölutryggingu. Yfirleitt hafa lán úr Ferðamálasjóði verið veitt til 15 ára og í nokkrum tilvikum veittur afborgunarfrestur fyrstu tvö árin, enda greiðast þá lánin upp á næstu 13 árum. Vextir hafa verið ákveðnir með hliðsjón af vöxtum á því lánsfé, sem sjóðurinn hefur haft til endurlána. Aldrei hefur verið um að ræða nema í mesta lagi $\frac{1}{2}\%$ vaxtamun.

Í 3. mgr. segir, að heimilt sé að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar. Hér er um að ræða tvær breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er nú skylt samkv. lögnum að vísitölubinda útlán Ferðamálasjóðs og í öðru lagi eru þau nú bundin framfærsluvísitölu samkvæmt ákvæðum í reglugerð um Ferðamálasjóð.

Lagt er til, að heimild til vísitölubindingar komi í stað skyldu um vísitölubindingu. Það hlýtur að verulegu leyti að vera komið undir því fjármagni, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar hverju sinni, hvers konar kjör þurfa að vera á útlánum hans, og því er þessi breyting gerð. Hins vegar er sjálfsagt að halda óbreyttu ákvæði um, að erlent lánsfé sé endurlánað með gengistryggingu.

Einnig er lagt til, að séu lánin vísitölubundin, sé miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, enda fyrst og fremst um að ræða lán til byggingarframkvæmda.

Um 31.—33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 34. gr.

Heimildarákvæðin í þessari grein eru nýmæli.

Mjög algengt er, að gera þurfi út björgunarleiðangra til leitar að týndum ferðamönnum eða til flutnings á slösuðu ferðafólki á sjúkrahús. Þessi störf hafa hingað til að mestu eða öllu leyti verið unnin í sjálfboðavinnu, að sjálfsögðu með verulegum kostnaði fyrir viðkomandi aðila. Eðlilegt er, að þeir aðilar, sem skipuleggi hópferðir, beri fjárhagslega ábyrgð í slíkum tilvikum og tryggi sig gegn henni. Því er þetta heimildarákvæði sett í frv., en nánari skilgreiningu þarf í reglugerð.

Til þess að koma í veg fyrir óhöpp, eins og þau, sem að ofan greinir, ber brýna nauðsyn til, að leiðsögumenn með ferðum, sérstaklega í óbyggðum landsins, séu fyllilega starfi sínu vaxnir. Töluvert virðist algengt, að svo sé ekki, og ekki síst, þegar erlendir hópar ferðast hér um með erlenda leiðsögumenn, sem ekki hafa nægilega þekkingu á íslenskum aðstæðum og íslensku veðurfari. Því er síðari heimildargreinin tekin inn, en um hana gildir sama og fyrri heimildina, að frekari skilgreining þarf að koma í reglugerð.

Um 35. gr.

Grein þessi er óbreytt frá 36. gr. gildandi laga um ferðamál.

Enda þótt þessi heimild hafi lítið verið notuð, þykir sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn áfram. Gjöld sem þessi eru algeng í öðrum ferðamannalöndum, og ekki er óeðlilegt, að fjár til uppbyggingar og viðhalds viðkomandi staðar verði aflað hjá þeim, sem þangað koma, í stað þess að verja til þess almannafé. Innheimta slíks gjalds er tiltölulega auðveld og færi þá ýmist fram á staðnum sjálfum eða væri innheimt sem hluti af fargjaldi fyrir hópa, sem til staðarins koma.

Um 36.—37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I—III.

Þessi bráðabirgðaákvæði þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands 1950—1975.

Ár	Tala	Árleg aukning í %
1950	4 383	
1951	4 084	÷ 6.8
1952	4 823	18.1
1953	6 380	32.3
1954	6 847	7.3
1955	9 107	33.0
1956	9 607	5.5
1957	9 279	÷ 3.4
1958	10 111	9.0
1959	12 296	21.6
1960	12 806	4.1
1961	13 629	6.4
1962	16 835	23.5
1963	17 360	3.1
1964	22 383	28.9
1965	28 879	29.0
1966	34 733	20.3
1967	37 728	8.6
1968	40 447	7.2
1969	44 099	9.0
1970	52 908	20.0
1971	60 719	14.8
1972	68 026	12.0
1973	74 019	8.8
1974	68 456	÷ 7.5
1975	71 676	4.7

Fylgiskjal II.

Beinar og óbeinar gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna árin 1969—1974. (Í millj. kr.).

	1969	1970	1971	1972	1973	1974
Innlend flugfélög	341.2	531.9	665.3	589.7	800.0	750.0
Erlend flugfélög	10.6	9.6	9.6	13.6	0.0	1.1
Fríhöfnin í Keilavík	53.7	69.3	82.1	84.6	90.3	128.5
Íslenskur markaður h.f.	—	23.8	75.4	84.1	75.1	86.5
Ferðaskrifstofur	71.8	97.3	104.7	} 553.0	166.4	486.2
Hótel	21.6	43.4	54.7		72.9	78.4
Ferðamenn	181.0	215.2	231.3	} 1 325.0	741.5	841.8
	679.9	990.5	1 223.1		1 946.2	2 372.5
% af heildarútflutningsverðmæti	7.2%	7.8%	9.3%	7.9%	7.5%	7.2%

Fylgiskjal III.

Lánveitingar Ferðamálasjóðs 1964—1975.

	Tala lána	Tala staða	Lánsfjárhæð í þús. kr.	Lánsfjárhæð í %
Reykjavík	12	7	19 900	12.9
Kaupstaðir	32	14	38 930	25.3
Kauptún	43	18	48 245	31.3
Sveitir	44	22	40 520	26.3
Annað	6	4	6 500	4.2
	137	65	154 095	100.0